

Fundargerð

252. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 24. apríl 2018 kl. 12¹⁵ – 13³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Stofnefnahagsreikningur 1.1.2017
- (3) Hjólbarðar
- (4) Rekstur
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (251. fundar).

Samþykkt

2. Stofnefnahagsreikningur 1.1.2017

Á fundinum voru lögð fram drög að stofnefnahagsreikningi fyrir Úrvinnslusjóðs 1.1.2017. Drögin voru send til stjórnarmanna daginn fyrir stjórnarfund til yfirlstrar.

Stjórn samþykkir og undirritar skýrslu stjórnar og stofnefnahagsreikning.

3. Hjólbarðar

Lagt var fram á fundinum erindi með ósk um hækkun endurgjalds vegna ráðstöfunar hjólbarða. ÓK fór yfir að erindið er í raun tvíþætt. Annars vegar að núverandi endurgjald Úrvinnslusjóðs fyrir ráðstöfun í Álfsnesi sé of lágt og hins vegar ósk um hærra endurgjald vegna endurvinnslu hjólbarða. Stjórnarmenn ræddu mismunandi endurgjald, hvort að það væri réttlætjanlegt út frá rekstri og auknum kostnaði Úrvinnslusjóðs. Stjórn telur nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar frá Sorpu bs. um framtíð urðunarstaðar í Álfsnesi og notkun á tættum dekkjum sem drenlag á staðnum. Einnig hvort að mælingar hafi farið fram á mengun í sigvatni frá urðunarstaðnum

Umræðu frestað.

4. Rekstur



Lagt var fram á fundinum yfirlit yfir rekstur vörflokka. ÓK fór helstu niðurstöður en mun fara nánar á næsta stjórnarfundum yfir rekstur sjóðsins á árinu með hliðsjón af rekstraráætlun 2018.

5. Önnur mál

ÓK fór yfir stöðu mála er varðar meðhöndlun á úrgangs smurolíu. Hann fór sérstaklega yfir stöðu er varðar markaðshlutdeild innflutningsaðila á smurolíu.

ÓK sagði frá fyrirhuguðum aðalfundi WEEE Forum á Íslandi sem haldinn verður 21. september nk.

Lagt var fram á fundinum erindi frá sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Umræðu frestað.

Næsti fundur ákveðinn 8. maí 2018.

Fundi slitið kl. 13.30

Byelís Guðlaugsdóttir

Bryndís Guðlaugsdóttir

Kristján Ólafsson

Geirur S. Þórhallsson

Kristján Ólafsson

Ólafur Þ.